

Veruleg umhverfisáhrif – eru þau eins?

Auður Magnúsdóttir, VSÓ

VSÓ Ráðgjöf hefur í áranna rás með fjárstyrk Vegagerðarinnar skoðað ýmsar hliðar á mati á umhverfisáhrifum með það fyrir augum að dýpka skilning og bæta aðferðafræði matsins. Í fyrri rannsóknum tengdum mati á umhverfisáhrifum framkvæmda hafa meðal annars verið skoðaðar virkni mótvægisáðgerða, dreifing vægiseinkunna, áhrif náttúruverndarlaga og skilvirkni. Að þessu sinni er sjónum beint að verulegum eða umtalsverðum umhverfisáhrifum framkvæmda sem er efsta stig mögulegrar einkunnagjafar í mati á umhverfisáhrifum hér á landi.

Reynslan hefur sýnt að misjafnt er eftir málsaðilum hvað telst til verulegra eða umtalsverðra umhverfisáhrifa. Þessi mismunandi skilningur á flokkun umhverfisáhrifa hefur mikil áhrif á viðbrögð allra til dæmis hvort að bregðast þurfi við með breytingum á framkvæmd, mótvægisáðgerðum og/eða vöktun. Einnig kann mismunandi flokkun áhrifa að tefja og flækja leyfisveitingar til framkvæmda. Það er því gagnlegt að taka saman yfirlit um rökstuðning Skipulagsstofnunar og annarra aðila fyrir vægismati umhverfisáhrifa sem metin eru veruleg eða umtalsverð.

Megin tilgangur með rannsókninni var að skoða hvort munur væri á vægismati umhverfisáhrifa sem Skipulagsstofnun og aðrir aðilar sem koma að matinu meta sem veruleg /umtalsverð með tilliti til framkvæmda, tímabils og/eða umhverfisþátta.

Með þessu móti er meðal annars reynt að varpa ljósi á þá þróun sem átt hefur sér stað í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda, hvenær líklegt er að áhrif séu metin veruleg/umtalsverð og hvaða framkvæmdir eru líklegri til að hafa veruleg/umtalsverð áhrif að mati þeirra sem koma að framkvæmdamatinu. Með því ætti að vera skýrara hvaða forsendur þurfi til þess að umhverfisáhrif séu talin verulega neikvæð og vonandi verður það til þess að fleiri geti orðið sammála um vægismatið. Rannsóknin varpar einnig ljósi á það lærdómsferli sem á sér stað í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda og þann þekkingargrunn sem er til staðar á hverjum tíma, og hvort slíkt kunnir að hafa áhrif á það vægismat sem lagt er á framkvæmdina.

Skipulagsstofnun byggir sinn úrskurð/álit á niðurstöðu framkvæmdaaðila í mati á umhverfisáhrifum sem birtist í matsskýrslu, sem og þeim umsögnum/athugasemdum sem berast á auglýsingatíma frummatsskýrslu umhverfismats framkvæmdar. Þar af leiðandi er mikilvægt að kanna hvernig þessir aðilar, aðrir en Skipulagsstofnun leggja mat á áhrif framkvæmda, hvort og þá hvernig áherslur hafa breyst í gegnum tíðina með tilliti til tegunda framkvæmda, umhverfisþátta og tímabils.

Farið var yfir úrskurði og álit Skipulagsstofnunar á tímabilinu 1994-2014 og farið yfir rökstuðning stofnunarinnar og annarra aðila fyrir vægismati umhverfisáhrifa sem metin eru veruleg eða umtalsverð.

Rannsóknir sýna að þeir umhverfisþættir sem Skipulagsstofnun metur helst að verði fyrir verulegum áhrifum eru gróður, jarðmyndanir, landslag og ásýnd. Jafnframt að notkun hugtakanna veruleg eða umtalsverð neikvæð áhrif er meiri á síðari tímabilum og þá frekar studd rökum en hin fyrri ár.

Á tímabilinu 1994-2000 voru 9 framkvæmdir af 125 sem höfðu að einhverju leyti veruleg eða umtalsverð áhrif að mati skipulagsstofnunar. Þar af voru 6 vegaf framkvæmdir enda var stór hluti þeirra framkvæmda sem fór í gegnum matsferli á þessum tíma slíkar framkvæmdir.

Í erindi sem flutt verður á rannsóknarráðstefnu Vegagerðarinnar þann 30. október verður farið yfir niðurstöður rannsóknarinnar.